



## Fundargerð

1300. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, fjarfundur haldinn

30. desember 2020, kl. 08:00

### Viðstaddir:

Guðbrandur Einarsson varaformaður stýrði fundi í forföllum formanns, Baldur Þ. Guðmundsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

\* \* \*

### **1. Samþykkt um gatnagerðargjöld (2019051830)**

Bæjarráð samþykkir breytingu á 11. gr. í samþykkt um gatnagerðargjöld í Reykjanesbæ í samræmi við lög þar um. Vísað til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

### **2. Tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning (2020120329)**

Lögð fram lokaskýrsla um tilraunaverkefni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um sérstakan húsnæðisstuðning.

Bæjarráð óskar eftir umsögn frá velferðarráði.

### **3. Landsskipulagsstefna 2015-2026 – viðauki (2020110267)**

Málinu frestað.

### **4. Erindi frá Knattspyrnudeild Keflavíkur (2020120356)**

Erindi frá Knattspyrnudeild Keflavíkur lagt fram. Bæjarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um stöðu íþróttahreyfingarinnar í Reykjanesbæ.

### **5. Mótvægisáðgerðir vegna COVID-19 - tillögur Velferðarvaktarinnar (2020120303)**

Lagðar fram til kynningar, tillögur Velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna Covid-19.

Bæjarráð óskar eftir umsögn frá velferðarráði.

### **6. Aðgangseyrir í menningarhús 2021 (2020120191)**

Lögð fram tillaga menningar- og atvinnuráðs frá fundi 16. desember sl. Þess efnis að enginn aðgangseyrir verði að söfnum Reykjanesbæjar tímabilið janúar – mars 2021.

Samþykkt 4-0.



**7. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 16. desember 2020 (2020010217)**

Fundargerðin lögð fram.

**8. Fundargerðir neyðarstjórnar (2020030192)**

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neydarstjorn>

**9. Umsagnarmál í samráðsgátt (2020021308)**

Drög að frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna áhrifa Covid-19 á sveitarfélög

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2868](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2868)

Umsagnarmál lagt fram.

**10. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2020010375)**

a. Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, 354. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0440.html>

b. Frumvarp til laga um Barna- og fjölskyldustofu, 355. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0441.html>

c. Frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, 356. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0442.html>

d. Tillaga til þingsályktunar um græna atvinnubyltingu, 360. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0452.html>

e. Frumvarp til laga um kosningalög, 339. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0401.html>

Umsagnarmál lögð fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 08.45